



UMSÖGN

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Velferðarráð

Efni: *Umsögn velferðarráðs um drög að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um styrki*

Á fundi stafræns ráðs 26. mars 2025 voru lögð fram drög að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um styrki.

Stafrænt ráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Stafrænt ráð telur mikilvægt að fá umsögn úthlutunarnefnda um reglurnar áður en þær fá lokaafgreiðslu úr ráðinu. Styrkjareglur borgarinnar þurfa að vera skýrar og faglegar fyrir bæði umsækjendur og hin ýmsu svið og skrifstofur sem koma til með að vinna eftir þeim, sem og mæta þörfum þeirra.

Umsögn:

Velferðarráð fagnar þeim breytingum sem er að finna í drögum að nýjum reglum sem miða að því að auka sveigjanleika í úthlutunarferlinu en jafnframt auka aðhald og eftirfylgni gagnvart þeim aðilum sem hljóta styrki úr borgarsjóði.

Skerpa þarf á 4. grein þar sem stendur að: „Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði.“ Velferðarráð spyr hvort að hér sé átt við að borgarráð muni taka að sér stefnumótun vegna styrkveitingu fagráða? Hér þarf að vera skýrt hvort um sé að ræða að borgarráð móti almenna stefnu fyrir styrkveitingar úr borgarráði eða hvort verið sé að fjalla um áherslur fagráðanna sjálfra sem hafa hingað til verið ákvarðaðar hverju sinni af þeim.

Vegna síðustu setningar 3. greinar: „Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né til greiðslu fasteignaskatta“, þá telur velferðarráð mikilvægt að slíkt komi ekki í veg fyrir mögulegan stuðning vegna félagslegra mikilvægra verkefna.

Helsta breytingin sem felst í nýju reglunum er í 8. gr. þar sem kveðið er á um að ávallt sé opið fyrir móttöku styrkumsókna og að úthlutun styrkja fari fram tvisvar á ári, í maí og í desember. Slíkt er til hagsbóta fyrir umsækjendur og veitir meiri sveigjanleika heldur en núverandi fyrirkomulag sem miðast við úthlutun einu sinni á ári og gefur fagráðum aukin tækifæri til að bregðast hraðar við umsóknum og styttrir umsóknar- og úthlutunarferlið miðað við núverandi reglur. Óljóst er hinsvegar hvernig skörunin verður á milli þess að opið sé fyrir umsóknir og vinnsla umsókna/úthlutunarferli sé í gangi. Má nefna sem dæmi að ef auglýst er með þriggja mánaða fyrirvara að úthlutun umsókna fari fram 15. maí að þá er ólíklegt að unnt sé að vinna og leggja mat á umsóknir sem berast nokkrum dögum áður en úthlutun fer fram (t.d. 10-14. maí). Þá kemur fram í 8. gr. nýrra reglna að





úthlutanir styrkja „*taki til þeirra umsókna sem berast frá því vinnslu síðustu úthlutunar lauk*“ og í því samhengi verður þá óljóst hvernig fara á með umsóknir sem berast nokkrum dögum fyrir úthlutun. Skerpa þarf á orðalagi 8. gr. nýrra reglna hvað þetta varðar eða kveða á um að nánari útfærslu megi finna í reglum fagráða (en slíkt gæti þó falið í sér ólíka tímafresti og viðmið).

Þá er í 5. gr. nýrra styrkjareglna vikið að því að hvert fagráð skuli gera samþykktir um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Þá segir að samþykktirnar skuli samþykktar af fagráðinu og lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar. Innihald framagreinds ákvæðis er að mestu óbreytt frá 5. gr. gildandi reglna. Í 8. gr. nýrra styrkjareglna kemur síðan fram að fagráð skuli setja sér nánari reglur um úthlutun styrkja. Við skoðun á heimasíðu Reykjavíkurborgar er í fljótu bragði ekki unnt að sjá að fagráð hafi almennt gert samþykktir um málefnaleg markmið og vinnulag, sbr. 5. gr., heldur hafa fagráðin sett sér reglur um úthlutun styrkja. Svo virðist vera sem um ákveðið ósamræmi sé að ræða sem nauðsynlegt er að skoða nánar.

Hvað varðar 9. gr. nýrra reglna má velja því upp hvort nauðsynlegt sé að tilgreina lágmarksupplýsingar sem fram eiga að koma í umsókn svo unnt sé að leggja mat á hana eða að ákvæðið verði orðað á þennan veg: „*Sækja skal um styrk á rafrænan hátt á vef Reykjavíkurborgar en þar skulu tilgreindar lágmarksupplýsingar svo unnt sé að leggja mat á umsóknina.*“

Í 11. gr. nýrra reglna er vísað til samþykktar og í því samhengi er ítrekuð athugasemd hér að framan varðandi 5. gr.

Þær breytingar sem gerðar eru á 14. gr., þar sem greiðslur styrkja eru í auknum mæli tengdar við árangur af verkefnum heldur en gert er í núverandi reglum, auk breytinga á 16. gr. varðandi skil á lokaskýrslum og kyngreindum gögnum eru til þess fallnar að veita aukið aðhald varðandi skil gagna og eftirfylgni varðandi framvindu verkefna sem hljóta styrki frá Reykjavíkurborg. Opinber birting á lokaskýrslum á vef borgarinnar er til þess fallin að auka gagnsæi varðandi styrkveitingar úr borgarsjóði.

Mikilvægt er að skerpa á samspili milli 13. og 14. gr. nýrra regla um það hvort að vanskil á stöðuskýrslu feli í sér forsendubrest eða teljist vanefnd af hálfu styrkþega og geti leitt til riftunar eða afturköllun styrkloforðs. Þá er einnig óljóst hvort að skil á stöðuskýrslu ein og sér feli í sér að næsta greiðsla samningsins greiðist eða hvort gerð sé krafa um að stöðuskýrslan sé fullnægjandi að mati fagsviðs.

Skoða þarf gildistöku ákvæði 17. gr. nýrra reglna m.t.t. þess hvort reglurnar taki gildi við samþykki í borgarstjórn eða við auglýsingu í Stjórnartíðindum. Þá þarf einnig að kveða á um það með skýrum hætti að eldri reglur falli úr gildi við gildistöku nýrra reglna.

Skv. 6. gr. nýrra styrkjareglna færist miðlæg ábyrgð á umsjón styrkjamála frá skrifstofu borgarstjórnar til þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Í því samhengi er mikilvægt að áfram sé tryggð yfirsýn yfir styrkveitingar Reykjavíkurborgar þvert á fagsvið og málaflokka.

Ef framangreindar breytingar á styrkjareglum ná fram að ganga er einnig mikilvægt að samhliða verði styrkjahandbók Reykjavíkurborgar uppfærð en hún varðar meðferð, afgreiðslu og eftirfylgni styrkja, samstarfs- og þjónustusamninga og er frá því í maí 2017.



Reykjavík



Að lokum er bent er á mikilvægi þess að til sé yfirlit um það hvar umsækjandi hafi sótt um styrk í öðrum ráðum borgarinnar þannig að það sé til yfirlit þegar umsóknir eru metnar.



Reykjavík